

Alþingi
Erindi nr. P 131/721
komudagur. 21.1.2005

Félag
Tækniháskóla
Kennara


Menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um Frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands með síðari breytingum.

Meðfylgjandi er umsögn stjórnar FTK, Félags Tækniháskólakennara.

Reykjavík, 20. janúar 2005

Með kveðju
f.h. Félags tækniháskólakennara


Sigurjón Valdimarsson formaður

Fylgiskjöl :

1. Umsögn um frumvarp

Umsögn um

Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands með síðari breytingum.

Stjórn Félags tækniháskólakennara hefur farið yfir frumvarpið.

Í þeim umræðum sem átt hafa sér stað innan Félags tækniháskólakennara (FTK) hefur ekki komið fram eindreginn afstaða með eða móti sameiningu þessara skóla. Við höfum hér reynt að draga fram þá punkta sem við teljum að geti skipt máli við afgreiðslu alþingis á frumvarpinu.

Í lögum nr. 53/2002 kemur fram sá vilji löggjafans að THÍ sé “fagháskóli á sviðu tækni, rekstrar og heilbrigðisgreina..” Með afnámi laganna, tæpum þrem árum eftir setningu þeirra er með fyrirbyggjandi frumvarpi verið að hverfa frá þessum sjónarmiðum, þar sem löggjafinn getur ekki á sama hátt sagt hinum nýja sameinaða skóla fyrir verkum.

Verkefni THÍ hefur verið að skapa aðstæður fyrir iðnmenntað fólk til framhaldsnáms. Mikilvægt hefur verið talið væri að halda þessu starfi aðskyldu frá öðrum skólum vegna sérstöðu þessara nemenda. Jafnframt hefur skólinn boðið stúdentum úr mennta- og fjölbrautaskólum menntun í geislafræði og líftækni (meinataekni). Hefur það nám ekki verið í boði hjá öðrum háskólum.

Mikilvægur þáttur í starfi skólans er frumgreinadeild fyrir iðn- og verkmenntafólk sem ætlar sér í háskólanám. Áhersla er lögð á að tryggja áframhald þessa náms.

Við höfum litið þannig á að með stofnun THÍ væri verið að festa skólann í sessi og að á næstu árum yrði litið til greina sem nú er verið að kenna á framhaldsskólastigi en teygja sig upp á háskólastig. Þannig höfðum við séð fyrir okkur að styrkja og stækka THÍ með því að færa til skólans, t.d. nám í heilbrigðisbrautum á framhaldsskólastigi, þær brautir iðnskóla sem teygja sig upp á háskólastig og hugsanlega vélstjórnar- og stýrimannánám.

Við viljum með álitum þessu benda þingmönnum á að hugleiða vel næstu skrefin í íslensku menntakerfi og taka við þetta tækifæri umræðuna um þá heildarmynd sem skólakerfið mun taka á sig á næstu árum, þ.e. sókn í háskólamenntun mun væntanlega aukast verulega og margar námsbrautir færast upp á háskólastig, sem hugsanlega kallar á fleiri skóla á háskólastigi.

Í þessari umræðu má benda á að rektor Iðnskólans í Reykjavík kom inn á þetta atriði í ræðu sinni við 100 ára afmæli skólans sl. vor. Þar sá rektorinn fyrir sér að hluti náms í IR myndi færast á háskólastig.

Við höfum á undanförunum árum séð hvernig háskólastigið hefur eflst í landinu með tilkomu lítilla háskóla á Akureyri, Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Við bendum á að sjálfstæði þessara skóla er það sem skapar sveigjanleika í menntakerfinu. Smæð skólanna er í samræmi við smæð okkar þjóðfélags.

Alvarlegt umræðuefni að okkar mati er sú ákvörðun sem sameining THÍ og HR hefur í för með sér en það eru skólagjöld á nemendum. Við getum séð ýmsa kosti í skólagjöldum varðandi bættu aðstöðu kennara og nemenda til starfs og náms. Við getum einnig séð fyrir okkur flóttu nemenda úr t.d. tæknifræðináminu, þar sem þeir geta stundað slíkt nám skólagjaldalaust, t.d. í Danmörku og að nemendum heilbrigðisdeildar velji sér annan vettvang.

Við höfum litið á THÍ sem mikilvægan þátt í eflingu tæknináms í landinu undanfarin 40 ár. Okkur þykir eftirsjá af þeim afmarkaða og skýra ramma sem verið hefur um verkefni Tækni(há)skóla. FTK telur jafnframt að faglega standi THÍ vel í samanburði við aðra háskóla og sést það best á árangri útskrifaðra nemenda í framhaldsnámi, aðgengi þeirra að góðum störfum og viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi.

Við efumst ekki um góðan vilja forystumanna Háskólans í Reykjavík um að gera sem best úr sameiningu þessara skóla.

Við óttumst hins vegar að með því að leggja niður THÍ verði ýtt undir þróun háskólabrauta innan iðn- og framhaldsskóla og innan skamms verði kominn nýr Tækniskóli. Við skorum því á Alþingismenn að íhuga vel framtíðina þegar ákvarðanir eru teknar um breytingar í skólakerfinu.

Í starfi háskóla togast á tvö sjónarmið, annars vegar breytt námsframboð, fjöldi námsleiða og hins vegar hátt menntunarstig, masters og doktorsgráður. Hlutverk Tækniháskólans hefur fram að þessu frekar beinst að því fyrrnefnda, þ.e. breidd námsframboðs. Eftir að lög voru sett um skólann sem háskóla fyrir 2 árum hefur komið fram vaxandi áhugi á því að efla menntunarstig, þ.e. útskrifa masters og doktorsnema. Möguleiki til að halda úti slíku námi á herra stigi gerir ósjálfrátt kröfu um stærri skóla, fleiri nemendur. Með tilliti til þessa gefur sameining THÍ og HR aukin tækifæri og mun auðvelda hækkun menntunarstigs í báðum skólum.

Við höfum fengið þau skilaboð frá forystu hins sameinaða háskóla að öllum starfsmönnum THÍ verði boðið starf í nýjum skóla. Hins vegar bendir flest til þess að heilbrigðisdeild færist í nýja skor innan læknadeildar HÍ, en ekki er enn endanlega ljóst með hvaða hætti það verði gert. FTK telur eðlilegt að sömu sjónarmið varðandi starfsmenn verði höfð að leiðarljósi við tilfærslu náms til HÍ og til hins nýja skóla. Við lítum jafnframt þannig á að í athugasemdum frumvarps sé tekin af vafi um mat á þeim starfsheitum, lektor, dósent, sem við höfum verið metin til í THÍ, þ.e. að núverandi starfsmenn THÍ haldi sínum starfsheitum við sameiningu skólanna.

Eitt af þeim atriðum sem skipta miklu máli við sameiningu opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja eru lífeyrisréttindi starfsmanna hins opinbera. Við leggjum áherslu á að lífeyrisréttindi starfsmanna THÍ verði tryggð. Hið sama á við um annan rétt sem félagsmenn FTK hvort sem hann grundvallast í ráðningarsamningum eða réttindi sem þeir hafa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Í kjarasamningi FTK og Fjármálaráðherra er eftirfarandi ákvæði um endurmenntun og leyfi frá störfum.

10.1.1 Heimilt er rektor Tækniskóla Íslands að fengnum meðmælum viðkomandi deildarstjóra að veita kennara leyfi frá störfum á fullum launum, allt að ári í senn, til viðhalds sérmenntunar eða þróunarstarfa, enda hafi hann við upphaf leyfis gegnt fullu starfi við Tækniskóla Íslands sexfaldan leyfistímann samfelt.

Við þá breytingu sem nú verður á kjörum kennara við THÍ er hætt við að réttur til námsleyfa glatist. Við leggjum því áherslu á að Alþingi veiti sérstöku fé til þess að mæta óteknum námsleyfum núverandi kennara við THÍ.

Okkur er ljóst að Alþingi á erfitt með að setja lög um einstakar ákvarðanir einkafyrirtækja. Við viljum hins vegar leggja áherslu á að THÍ er geysiöflug framleiðslueining sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu. Verðmæti slíkrar einingar/fyrirtækis hlýtur að skapa samningsrétt um stöðu starfsmanna í nýja fyrirtækinu.

Kennarar í THÍ hafa ekki séð ástæðu til þess að taka eindregna afstöðu með eða móti sameiningu THÍ og HR, enda má sjá bæði kosti og galla við sameininguna. Það er mikilvægt fyrir skóla að hafa meðbyr yfirvalda hverju sinni. Því miður er ekki hægt að segja að TÍ/THÍ hafi haft slíkan meðbyr og lengst af hafa stjórnendur og aðrir starfsmenn skólans þurft að berjast harðri baráttu fyrir tilvist skólans. Skólinn hefur búið við þröngan kost bæði hvað varðar fjárhag og húsnæði. Þrátt fyrir góð orð um fullnægjandi fjárveitingar til reksturs THÍ skv. lögnum frá 2002 er nú bent á sem ein helstu rök fyrir sameiningu að skólinn hafi verið rekinn með halla. Hallarekstur skólans stafar af ónógum fjárveitingu til að mæta vaxandi áhuga nemenda/samfélagsins á þjónustu skólans. Það er mikilvægt að Alþingi búi þannig að skólastarfi að fjárveitingar nægi til uppbyggingar og reksturs skólanna.

Stjórn Félags Tækniháskólakennara